

UMSÖGN

Viðtakandi: Íbúaráð Kjalarness

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Strætóþjónusta - Kjalarnes

Á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 10. nóvember sl. var lagt fram og samþykkt svohljóðandi erindi íbúaráðs Kjalarness til Vegagerðarinnar og skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um útfærslu á þjónustu Strætó í Kollafirði:

Í sumar var stoppistöð á leið 57 lögð niður við Esjurætur. Ákvörðunin kemur mjög illa við íbúa í Kollafirði sem og aðra sem eiga leið að Esjunni. Nú er næsta stoppistöð við Esjumela, en þangað eru um 700-1000 metrar. Hvorki er göngu- né hjólaleið frá Esjurótum að stoppistöðinni. Nú þarf að ganga á mjög þröngum vegkanti meðfram Vesturlandsvegi þar sem umferðin er mikil, mjög hröð og fjöldi flutningabíla. Þess utan er engin götulýsing er á þessum vegarkafli. Íbúaráð Kjalarness skorar á Vegagerðina, Strætó bs. og Reykjavíkurborg að taka eldri stoppistöð við Esjurætur í gagnid að nýju. Sé það ekki möguleiki, er óskað eftir því að öryggi notenda verði tryggt með lagningu göngustígs á milli eldri stoppistöðvar og stoppistöð á Esjumelum. Svára er óskað frá Vegagerðinni og skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um hvort standi til að taka umrædda stoppistöð við Esjurætur í notkun að nýju eða hvort til standi að leggja göngustíg frá Esjumelum að Esjurótum.

Erindinu var vísað til skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann sama dag.

Svar:

Leið 57 er svokölluð landsbyggðarleið sem er í rekstri hjá Vegagerðin ni. Megin markmið leiðakerfis strætó á landsbyggðinni er að tengja saman byggðir. Í maí síðastliðnum tók Vegagerðin þá ákvörðun að hætta að aka leið 57 að stoppistöðinni við Esjurætur af umferðaröryggisástæðum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni og Strætó eru engin áform um að leið 57 muni stoppa þar á næstunni. Á virkum dögum stoppar leið nr. 29, sem er pöntunarþjónustuleið milli Kjalarness og Mosfellsbæjar, á umræddri stoppistöð þrisvar á dag. Strætó er með til skoðunar hjá sér að auka tíðni ferða og að veita líka þjónustu um helgar. Endanleg ákvörðun um slíkt er tekin af stjórn Strætó.

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi er gert ráð fyrir stofnstíg milli Esjumela og Esjuróta en undirbúningur við slíkan stíg er ekki hafinn og því óljóst hvenær hann gæti komið .

Virðingarfyllst,



Reykjavíkurborg

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri